

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 358/2010

2011/EES/5/35

frá 23. apríl 2010

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um
flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar
(EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Takmarkanir á heimiluðum vökva, úðæfnum og geli farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum í Evrópusambandinu, skapa vissa rekstrarerfiðleika á þessum flugvöllum og valda viðkomandi farþegum óþægindum.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 820/2008 frá 8. ágúst 2008 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽²⁾ er kveðið á um undanþágur, að því er varðar beitingu þessara takmarkana, sem má heimila ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þegar framkvæmdastjórnin hefur gengið úr skugga um að flugvellir í tilteknum þriðju löndum uppfylli þessi skilyrði og að þau lönd hafi hingað til starfað í góðri samvinnu við Evrópusambandið og aðildarríki þess getur hún heimilað slíkar undanþágur.
- 3) Þegar reglugerð (EB) nr. 820/2008 verður felld úr gildi frá og með 29. apríl 2010 falla þessar undanþágur einnig úr gildi. Hins vegar gilda áfram takmarkanirnar um heimilaðan vökva, úðæfni og gel farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum í Evrópusambandinu, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 297/2010 frá 9. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um

viðbætur við sameiginlegar grunnkröfum um flugvernd í
almenningsflugi. ⁽³⁾

- 4) Undanþágurnar er varða beitingu takmarkana á heimiluðum vökva, úðæfnum og geli farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum, skulu því framlengdar en þessar takmarkanir gilda áfram, að því tilskildu að þessi þriðju lönd haldi áfram að uppfylla skilyrðin sem heimild þessarar undanþágu byggðist á.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽⁴⁾ til samræmis við það.
- 6) Reglugerð (ESB) nr. 297/2010 frá 9. apríl 2010 kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2010. Brýnt er að þessi reglugerð taki gildi því hún kemur til framkvæmda frá og með sama degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem skipuð var með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 221, 19.8.2008, bls. 8.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 90, 10.4.2010, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

VIDAUKI

Í viðaukanum er 4. kafla breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 4.0.4 komi eftirfarandi:

„4. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „vökvar, úðafni og gel“: maukennnd efni, fljótandi krem, blöndur í föstu eða fljótandi formi, innihald þrýstiumbúða, t.d. tannkrem, hárgel, drykkir, súpur, síróp, ilmvatn, raksápa og önnur efni af sambærilegum þéttleika.
- b) „poki með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við hann“: poki sem uppfyllir ráðlagðar viðmiðunarreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vegna flugverndareftirlits.“

2. Í stað liðar 4.1.3.4 komi eftirfarandi:

„4. Veita má undanþágu frá skimun fyrir vökva, úðafni og gel farþega, ef vökvinn, úðafnið eða gelið:

- a) er í aðskildum ílátum, sem rúma að hámarki 100 ml, eða sambærilegu, í gegnsæjum, endurlokanlegum plastpoka sem rúmar að hámarki einn lítra þannig að nægilegt rými sé fyrir innihald plastpokans og að hægt sé að loka pokanum tryggilega eða
- b) er ætlað til notkunar í ferðinni og hann/það er nauðsynlegt í lækisfræðilegum tilgangi eða vegna sérstaks mataræðis, þ.m.t. barnamatur; þegar þess er krafist skal farþegi færa sönnur á rétt innihald vökvans, úðafnisins eða gelsins, sem var undanþegið, eða
- c) er keypt á flugsvæði, sem er fyrir innan þann stað þar sem eftirlit með brottfararspjöldum fer fram, á afgreiðslustöðum, sem starfa samkvæmt samþykktum verklagsreglum um flugvernd sem hluti af flugverndaráætlun viðkomandi flugvallar, að því tilskildu að vökvannum, úðafninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðafnið eða gelið hafi verið keypt á viðkomandi flugvelli þennan sama dag eða
- d) er keypt innan haftasvæðis flugverndar á afgreiðslustöðum, sem starfa samkvæmt samþykktum verklagsreglum um flugvernd sem hluti af flugverndaráætlun viðkomandi flugvallar, eða
- e) er keypt á öðrum flugvelli í Evrópusambandinu, að því tilskildu að vökvannum, úðafninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðafnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar þennan sama dag eða
- f) er keypt um borð í loftfari flugrekanda í Bandalaginu, að því tilskildu að vökvannum, úðafninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðafnið eða gelið hafi verið keypt um borð í viðkomandi loftfari þennan sama dag eða
- g) er keypt á flugvelli, sem staðsettur er í þriðja landi, sem skráð er í fylgiskjali 4-D, að því tilskildu að vökvannum, úðafninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðafnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan 36 klukkustunda; undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessum lið, falla úr gildi 29. apríl 2011.“

3. Eftirfarandi fylgiskjal 4-D bætist við:

„FYLGISKJAL 4-D

Flugvöllur eða flugvellir þaðan sem flogið er til flugvalla í Evrópusambandinu:

— **Kanada:**

Allir alþjóðaflugvellir

— **Lýðveldið Króatía:**

Dubrovnik-flugvöllur (DBV)

Pula-flugvöllur (PUY)

Rijeka-flugvöllur (RJK)

Split-flugvöllur (SPU)

Zadar-flugvöllur (ZAD)

Zagreb-flugvöllur (ZAG)

— **Malasía**

Kúala Lúmpúr-flugvöllur (KUL)

— **Singapúr:**

Changi-flugvöllur (SIN)

— **Bandaríki Norður-Ameríku**

Allir alþjóðaflugvellir“
